



Reykjavík, 28. maí 2025
VEL25040013

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs

Efni: Sameiginlegur fundur félagsmálanefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málefni heimilislausra

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 30. apríl sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að velferðarsvið fái það verkefni að leita til annarra velferðarráða og SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) til að kanna áhuga annarra velferðarráða á höfuðborgarsvæðinu til að halda sameiginlegan fund velferðarráða á höfuðborgarsvæðinu þar sem málaflokkur heimilislausra er sérstaklega tekinn til umræðu með það að markmiði að auka samtal og samvinnu í málaflokknum. Útfærsla fundarins verði unnin í samtali við SSH og ekki verði útilokað að ræða önnur mál á sviði velferðarmála.

Ofangreind samþykkt var rædd í samráðshópi SSH um velferðarmál og var niðurstaðan að óskað verði eftir afstöðu félagsmálanefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til slíks fundar.

Í samræmi við ofangreint kannar velferðarsvið Reykjavíkurborgar hér með áhuga til að halda sameiginlegan fund félagsmálanefnda á höfuðborgarsvæðinu. Ef áhugi er fyrir slíkum fundi er lagt til að hann verði haldinn á höfuðborgarsvæðinu á haustmánuðum, eftir nánara samkomulagi og þar verði fjallað sérstaklega um málefni heimilislausra og hugsanlega önnur mál sem félagsmálanefnd leggur áherslu á.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarasdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík